



FUNDARGERÐ 48. ÞING

HALDIÐ Á SELFOSSI
DAGANA 17. – 18. MARS 2022



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

EFNISYFIRLIT

Þingferðin	3
Þingsetning	3
Nafnalisti þingfulltrúa á 48. þingi SSF 17. – 18. mars 2022	3
FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi – 16 þingfulltrúar	3
Trúnaðarmannaráð Arion banka – 14 fulltrúar	4
SÍ, Starfsmannafélag Íslandsbanka – 13 fulltrúar (áttu rétt á 14)	4
Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands – 5 fulltrúar	4
SRB, Starfsmannafélag Reiknistofu bankanna – 3 fulltrúar (áttu rétt á 4)	4
VÍST, Starfsmannafélag Valitor – 4 fulltrúar	4
Trúnaðarmannaráð SaltPay – 3 fulltrúar	5
Starfsmannafélag Kviku – 1 fulltrúi (áttu rétt á tveimur)	5
Starfsmannafélag Almenna lífeyrissjóðsins – 1 fulltrúi	5
Starfsmannafélag Byggðastofnunar – 1 fulltrúi	5
Áheyrnarfulltrúar og gestir	5
Stjórn, starfsmenn og aðrir er komu að þinginu	5
Kosning starfsmanna þingsins	5
Skipan fastanefnda þingsins	5
Allsherjarnefnd 1 – Stefnumótun SSF	6
Allsherjarnefnd 2 – Vinna að heiman	6
Fjárhagsnefnd	6
Fræðslunefnd	6
Kjaranefnd	6
Laganefnd	7
Skýrsla stjórnar	7
Auglýst eftir tillögum til nefnda	12
Stefnumótun	12
Vinna að heiman	12
Nefndarstörf hefjast	13
Kynning frambjóðenda	13
Alþjóðarsamstarf	14
Dagur 2	15
Kynning nefnda á niðurstöðum, umræður og kosning	16
Afgreiðsla nefndarálita	16
Laganefnd	16
Allsherjarnefnd 1 – Stefnumótun SSF	16
Umræður um tillögur Allsherjarnefndar 1:	16
Allsherjarnefnd 2 – Vinna að heiman	16
Kjaranefnd	17
Fræðslunefnd	17
Fjárhagsnefnd	18
Umræður um tillögur Fjárhagsnefndar:	19
Niðurstöður kosninga til stjórnar SSF	20
Meðstjórnendur	20
Önnur mál	21



ÞINGFERÐIN

Áformuð brottför þingfulltrúa og gesta var frá Norðlingaholti klukkan 07:50 þann 17. mars. Skömmu fyrir brottför bárust þær fregnir að Hellið var lokað vegna veðurs um óákveðinn tíma og það sama átti við um Reykjanesbraut. Vegna þessa var brottför frestað til 9:30. Þegar enn var óvíst með opnun Helliðarinnar en líkur á að Reykjanesbrautin yrði fær var ákveðið að betra væri að róa en reka undan og látið á það reyna hvort ekki væri hægt að komast Suðurstrandaveginum þrátt fyrir þæfing og misgóða færð. Allt gekk sem skyldi og komust fulltrúar og gestir á fundarstað rétt eftir hádegi, sannur verkalýðsandi þar á ferð.

Þingsetning

Þegar á þingið var komið var upplýst að Friðbert Traustason, formaður og framkvæmdastjóri SSF, yrði vant við látinn á þinginu að þessu sinni vegna Covid smits. Ari Skúlason (FSLÍ), varaformaður SSF, setti þingið klukkan 13:00 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til starfa á 48. þing SSF sem haldið var á Selfossi þann 17. og 18. mars 2022. Þingið var jafnframt frumraun félagsins í átt til rafvæðingar og voru fundargögn einungis aðgengileg á tölvutæku formi. Nafnakall fulltrúa og kjörbréf lögð fram til samþykktar.

Guðlaugur Gunnarsson (FSLÍ), formaður Kjörnefndar, lagði fram kjörbréf þingfulltrúa til samþykktar eftir nafnakall og tilkynnti jafnframt að Kjörnefnd hafi lokið við að fara yfir kjörbréf og staðfest þau. Kjörbréf voru samþykkt með lófataki án athugasemda. Allir þingfulltrúar voru mættir nema fjórir og sátu þingið 61 fulltrúi frá 10 aðildarfélögum.

Nafnalisti þingfulltrúa á 48. þingi SSF 17. – 18. mars 2022

FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi - 16 þingfulltrúar

Alda Hjartardóttir
Ari Skúlason
Berglind Müller
Bryndís Sigurðardóttir
Edda Garðarsdóttir
Guðlaug Elísabet Bóasdóttir
Guðlaugur Gunnarsson



Guðný Sigríður Magnúsdóttir
Halldóra Ingvarsdóttir
Helga Jónsdóttir
Herborg Hjálmarsdóttir
Hrefna Óskarsdóttir
Liljar Már Þorbjörnsson
Margrét Björg Marteinsdóttir
Pálmi Rögnvaldsson
Sigríður Ragna Jóhannsdóttir

Trúnaðarmannaráð Arion banka - 14 fulltrúar

Björg Arna Elfarsdóttir
Elfa Dögg Marteinsdóttir
Guðbjörg Þorsteinsdóttir
Guðrún Bergmann Franzdóttir
Halla Ingvarsdóttir
Haukur Ingi Heiðarsson
Herdís Birna Kristjánsdóttir
Jóhann Arnarson
Karlotta Ósk Óskarsdóttir
Margrét Rún Gunnarsdóttir
Sigríður Ósk Ríkharðsdóttir
Stefanía Dögg Hauksdóttir
Unnur Edda Jónsdóttir
Þórhallur Valur Benónýsson

SÍ, Starfsmannafélag Íslandsbanka - 13 fulltrúar (áttu rétt á 14)

Anna Berglind Þorsteinsdóttir
Arnar Freyr Björnsson
Arnar Ingi Njarðarson
Gísli Logi Logason
Inga Guðný Hauksdóttir
Ingibjörg Steina Eggertsdóttir
Kristín Ósk Sigurjónsdóttir
Oddur Sigurðsson
Páll Frímann Árnason
Sigrún Elfa Ingvarsdóttir
Sigurbjörn Elíasson
Þorlákur Kjartansson
Þórey Jónína Jónsdóttir

Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands - 5 fulltrúar

Greipur Þ. Júlíusson
Guðmundur Óli Blöndal
Guðrún María Traustadóttir
Jens Fjalar Skaptason
Jónas Þór Brynjarsson

SRB, Starfsmannafélag Reiknistofu bankanna - 3 fulltrúar (áttu rétt á 4)

Halldór H. Halldórsson
Jón Sveinsson
Sigríður Harpa Hannesdóttir

VÍST, Starfsmannafélag Valitor - 4 fulltrúar

Guðbjörg Skjaldardóttir
Halla Guðmundsdóttir
Steinar Thors
Þórdís Guðmundsdóttir



Trúnaðarmannaráð SaltPay - 3 fulltrúar

Aníta Ösp Ingólfssdóttir
Jóna Katrín Ingvadóttir
Rebekka Júlía Magnúsdóttir

Starfsmannafélag Kviku - 1 fulltrúi (áttu rétt á tveimur)

Ragnhildur Steingrímsdóttir

Starfsmannafélag Almenna lífeyrissjóðsins - 1 fulltrúi

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Starfsmannafélag Byggðastofnunar - 1 fulltrúi

Guðbjörg Óskarsdóttir

Að auki átti starfsmannafélag Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 1 fulltrúa, sem sá sér ekki fært að mæta.

Áheyrnarfulltrúar og gestir

Anna Karen Hauksdóttir	Fyrrum fyrsti varaformaður SSF
Carin Hallerström	Framkvæmdastjóri NFU
Christina J. Colclough	Fyrirlesari, eigandi The Why Not Lab
Helga Eyjólfssdóttir	Starfsmannafélag Byggðastofnunar
Sigríður Friðgeirsdóttir	Gestur
Sveinn Sveinsson	Gestur

Stjórn, starfsmenn og aðrir er komu að þinginu

Bára Björk Ingibergsdóttir	Stjórn SSF
Hörður Jens Guðmundsson	Stjórn SSF
Margrét Bragadóttir	Starfsmaður SSF
Rósa Jennadóttir	Starfsmaður SSF
Ragnar Sigurðsson	Starfsmaður SSF
Sigurjón Gunnarsson	Varaþingforseti
Guðmundur Sigursteinn Jónsson	Starfsmaður Kaktus Kreatives
Orri Arnarson	Starfsmaður Kaktus Kreatives

Kosning starfsmanna þingsins

Varaformaður SSF lagði til að Helga Jónsdóttir (FSLÍ) yrði kjörin þingforseti á 48. þingi SSF og Sigurjón Gunnarsson varaþingforseti. Tillagan var samþykkt með lófataki.

Í kjölfarið lagði þingforseti til að þau Margrét B. Marteinsdóttir (FSLÍ) og Gísli Logi Logason (SÍ) yrðu kjörin þingritarar á 48. þingi SSF og til vara þau Herdís Birna Kristjánsdóttir (TMR Arion banka) og Guðmundur Óli Blöndal (Sf. Seðlabankans). Tillagan var samþykkt með lófataki.

Skipan fastanefnda þingsins

Stjórn SSF skipaði Kjörnefnd fyrir þingið samkvæmt 20. gr. samþykktá SSF og sú nefnd starfaði jafnframt á þinginu. Í henni sátu Guðlaugur Gunnarsson (FSLÍ) formaður nefndarinnar, Gísli Logi Logason (SÍ) ritari nefndarinnar, Guðbjörg Þorsteinsdóttir (TMR Arion banka), Halla Guðmundsdóttir (VÍST) og Margrét Bragadóttir starfsmaður SSF.

Skipan þingfulltrúa í fastanefndir var eftirfarandi:



Allsherjarnefnd 1 - Stefnunótun SSF

Bára Björk Ingibergsdóttir (Sf. Seðlabankans) Hópstjóri
Guðbjörg Skjaldardóttir (VÍST) Ritari
Stefanía Dögg Hauksdóttir (TMR Arion banka) Ritari
Aníta Ösp Ingólfssdóttir (TMR SaltPay)
Edda Garðarsdóttir (FSLÍ)
Björg Arna Elfarsdóttir (TMR Arion banka)
Guðrún María Traustadóttir (Sf. Seðlabankans)
Halldóra Íris Ingvarsdóttir (FSLÍ)
Liljar Már Þorbjörnsson (FSLÍ)
Sigríður Harpa Hannesdóttir (SRB)
Steinar Thors (VÍST)
Þorlákur Kjartansson (SÍ)

Allsherjarnefnd 2 - Vinna að heiman

Guðný Sigríður Magnúsdóttir (FSLÍ) Hópstjóri
Rebekka Júlía Magnúsdóttir (TMR SaltPay) Ritari
Elfa Dögg Marteinsdóttir (TMR Arion banka)
Guðlaug E. Bóasdóttir (FSLÍ)
Hrefna Óskarsdóttir (FSLÍ)
Jens Fjalar Skaptason (Sf. Seðlabankans)
Margrét Rún Gunnarsdóttir (TMR Arion banka)
Páll Frímann Árnason (SÍ)
Ragnhildur Steingrímsdóttir (Sf. Kviku)
Sigurbjörn Elíasson (SÍ)
Þórdís Guðmundsdóttir (VÍST)
Þórey Jónína Jónsdóttir (SÍ)
Þórhallur Valur Benónýsson (TMR Arion banka)

Fjárhagsnefnd


Oddur Sigurðsson (SÍ) Hópstjóri
Jónas Þór Brynjarsson (Sf. Seðlabankans)
Halla Ingvarsdóttir (TMR Arion banka)
Helgi Björn Bergmann (SRB)
Sigrún Elfa Ingvarsdóttir (SÍ)
Sigríður Ragna Jóhannsdóttir (FSLÍ)

Fræðslunefnd


Jóhann Arnarson (TMR Arion banka) Hópstjóri
Karlotta Ósk Óskarsdóttir (TMR Arion banka) Ritari
Arnar Ingi Njarðarson (SÍ)
Berglind Müller (FSLÍ)
Greipur Þ. Júlíusson (Sf. Seðlabankans)
Guðrún Bergmann Franzdóttir (TMR Arion banka)
Herborg Hjálmarsdóttir (FSLÍ)
Hrannar Bragi Eyjólfsson (Sf. Almenna lífeyrissjóðsins)
Inga Guðný Hauksdóttir (SÍ)
Ingibjörg Steina Eggertsdóttir (SÍ)
Jón Sveinsson (SRB)
Ragnhildur Steingrímsdóttir (Sf. Kviku)
Sigríður Ósk Ríkhartsdóttir (TMR Arion banka)

Kjaranefnd


Hörður Jens Guðmundsson (VÍST) Hópstjóri
Bryndís Sigurðardóttir (FSLÍ) Ritari
Alda Hjartardóttir (FSLÍ)



Allsherjarnefnd 1



Allsherjarnefnd 2



Fjárhagsnefnd



Fræðslunefnd



Kjaranefnd

Anna Berglind Þorsteinsdóttir (SÍ)
Arnar Freyr Björnsson (SÍ)
Guðbjörg Óskarsdóttir (Sf. Byggðastofnunar)
Guðmundur Óli Blöndal (Sf. Seðlabankans)
Haukur Ingi Heiðarsson (TMR Arion banka)
Herdís Birna Kristjánsdóttir (TMR Arion banka)
Jóna Katrín Ingvadóttir (TMR SaltPay)
Kristín Ósk Sigurjónsdóttir (SÍ)
Pálmi Rögnvaldsson (FSLÍ)
Unnur Edda Jónsdóttir (TMR Arion banka)

Laganefnd

Engar tillögur um breytingar á samþykktum félagsins voru lagðar fyrir þingið og því var ekki starfandi laganefnd á 48. þingi SSF sbr. b-lið 5. tölul. 21. gr. samþykkt SSF.



SKÝRSLA STJÓRNAR

Ari Skúlason (FSLÍ), varaformaður SSF, flutti skýrslu stjórnar.

Ræða varaformanns SSF á 48. þingi SSF.

Kæru félagar.

Ég ætla að byrja á því að skila kveðju til ykkar allra frá formanni okkar Friðberti sem því miður er forfallaður vegna covid smits.

Á síðustu þingum höfum við reynt að feta okkur í þá átt að vera meira umhverfisvæn, að færa okkur frá möppum og ómældu magni af plasti og pappír til betri lausna. Á þessu þingi reynum við að færa okkur yfir í rafrænar lausnir með því að hafa öll gögn og alla vinnslu á þinginu á spjaldtölvum en þessar góðu græjur eru jafnframt gjöf samtakanna til þingfulltrúa á þessu þingári og við vonum að þið njótið vel.

Stéttarfélagið okkar er að mörgu leyti einstakt og ekki aðili að neinum heildar regnhlífarsamtökum, svo sem ASÍ eða BHM. Það sem gerir stéttarfélagið einstakt er sú heillapróun að allir starfsmenn fjármálafyrirtækjanna, aðrir en æðstu stjórnendur, eru félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi. Við tökum öll réttindi og kjör okkar samkvæmt kjarasamningi SSF óháð því hvaða starfi við gegnum og einnig óháð menntun okkar eða öðrum bakgrunni. Réttindi svo sem veikindaréttur, orlofsréttur, lífeyrisréttur, tryggingar, fæðingarorlof, aðgangur að sjóðum SSF og annar grundvallarréttur byggir á sameiginlegum kjarasamningi. Þessi tilhögun er heillavænleg fyrir alla félagsmenn SSF og einnig fyrir fyrirtækin sem félagsmenn SSF vinna hjá. Þessu til viðbótar eigum við í mjög nánú samstarfi við norræna kollega okkar í samsvarandi samtökum á Norðurlöndunum.

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði árið 2019 voru gerðir við afar sérkennilegar aðstæður á vinnumarkaði. Ein aðal útflutningsatvinnugreinin, ferðamannaiðnaðurinn, stóð frammi fyrir verulegum samdrætti, m.a. vegna falls WOW-air og fyrirsjáanlega fækkun ferðamanna. Niðurstaðan var að nýta sem mest þá hækkun launa, sem unnt væri að ná fram, til að hækka laun þeirra er lókust höfðu kjörin. Niðurstaðan varð krónutöluhækkun launa allt samningstímabilið, þar sem lægra launaðir fengu samtals 90.000 kr. en starfsmenn með laun sem voru hærri en ca. 550.000 kr. fengu samtals 68.000 kr. hækkun mánaðalauna.

Einnig var samið um að stytta hvern vinnudag um 9 mínútur, en vinnutíma-styttingin samkvæmt okkar lausn er almennt tekin sem 9 hálfir frídagar yfir



vetrarmánuðina í september til maí. Við í SSF sömdum ekki um niðurfellingu neysluhléa (matar og kaffitíma), sem ýmis önnur félög hafa síðan gert (m.a. félög innan BSRB og BHM). Opinberu félögin náðu nokkuð meiri styttingu, þar sem hver dagur er stytur um 13 mínútur. Þarna er augljóst verkefni fyrir næstu kjarasamninga SSF.

Fyrir utan þær launahækkunarir sem við fengum í arf frá ASÍ-félagunum tókst okkur að hækka iðgjöld fyrirtækja aðildarfélaga í Styrktarsjóð SSF um 40%, sem gerir sjóðinn að mestu sjálfbæran miðað við þá styrki sem hann lofar að greiða. Nú greiða fyrirtæki aðildarfélaga 0,70% af öllum launum félagsmanna í Styrktarsjóð SSF. Framlag í lífeyrissjóð fyrir starfsmenn með 0-3 ára starfsaldur voru hækkuð um 3,5%, úr 12% upp í 15,5%.

Í fyrsta sinn komu inn ákvæði um „fastlaunasamninga“, sem áttu að tryggja starfsmönnum betri upplýsingar um hvað býr að baki slíkum samningum. Viðræður um þetta atriði tóku mjög langan tíma og skiluðu ekki miklu. Meðal annars var tekist á um eðlilegan vinnutíma að baki fastlaunum og þar náðist sá árangur að þetta mætti festa niður í ráðningarsamningi. Sú niðurstaða var algerlega ófullnægjandi og hefur ekki skilað miklu og þessi ákvæði þarf að skýra enn betur í næstu kjarasamningum.

Kjarasamningurinn 2019-2022 skilaði lægri launum (400-600 þ.kr.) á bilinu 15% - 22,5% hækkun mánaðalauna á samningstímanum, en prósentan lækkar eftir því sem launin eru hærri í krónum talið.

Samninganefnd SSF ákvað að fylgja þessum krónutöluhækkunum sem voru á almennum vinnumarkaði (sem BSRB fylgdi einnig), en það er ljóst að hækkun launa með krónutölum er ekki vænleg leið fyrir afar stóran hóp félagsmanna SSF, þar sem meðallaun félagsmanna SSF eru mun hærri en meðallaun í stéttarfélögum innan ASÍ (120.000 félagsmenn) og BSRB (25.000 félagsmenn).

Ekki var þó allt slæmt í þessum samningum. Ég hef áður minnst á hækkun iðgjalda í sjóði okkar. Við náðum einnig fram sérstakri hækkun lágmarks-launa starfsheita á samningstímanum sem hafa hækkað mun meira en almenn laun. Þannig hafa lágmarkslaun gjaldkera og bankaritara hækkað um 53%, lágmarkslaun þjónustufulltrúa og ráðgjafa hafa hækkað um 50% og lágmarkslaun sérfræðinga hafa hækkað um 55%.

Nú veit ég vel að það fer fram mikil barátta innan bankanna um staðsetningu í launastiganum. Þannig fer mestur hluti af tíma mínum sem formaður FSLÍ í að rífast um hvort þessi eða þessi starfmaður (sem oftast er ung kona með góða menntun) eigi að vera með 470 þúsund á mánuði en ekki 480 eins og konan við hliðina er með. Aurasparnaðurinn í neðri hluta launastigans er ótrúlegur í mínum banka og ég þykist vita að staðan sé þannig annars staðar líka. Þessar hækkunarir á lágmarkslaunum fyrir tiltekin starfsheiti hafa engu að síður haft mikið að segja um launaþróun almennt. Enda sjáum við í launakönnunum SSF verulega meiri prósentuhækkunarir meðallauna (og miðgildis launa) en kjarasamningar hafa tryggt á tímabilinu.

Skv. launakönnun SSF frá haustinu 2021 voru meðallaun félagsmanna um 922 þús. kr. á mánuði. Sú tala gæti verið lægri en raunveruleg staða þar sem ætla má að þeir sem eru með hæstu launin svari síður en aðrir.

Sé litið á ársuppgjör stóru bankanna fyrir árið 2021 má sjá að meðallaunin voru í öllum tilvikum yfir 1 m.kr. Dreifing launa félagsmanna samkvæmt launakönnuninni er nokkuð jöfn, þannig er þriðjungur félagsmanna með mánaðarlaun undir 700 þús. kr. og þriðjungur með meira en 1 m.kr. Að meðaltali erum við því hátekjuhópur og ég get vel ímyndað mér að það



sé ekki alltaf auðvelt fyrir þá sem eru á neðri endanum að heyra í sífellu að allir bankamenn séu með milljón eða meira á mánuði.

Eins og fram kemur í gögnum sem fylgja kjaranefndinni hafa laun í fjármála- og váttryggingarstarfsemi hækkað mun minna en víðast annars staðar á síðasta samningstímabili. Þeir kjarasamningar sem hafa verið í gildi frá 2019 hafa verið fjármálafyrirtækjunum mjög hagstæðir. Sé litið til hlutfallslegs hækkunar launakostnaðar meðal atvinnugreina hafa fáar greinar fengið jafn litla hækkun og fjármála- og váttryggingargeirinn á þessu tímabili.

Fram til október 2021 höfðu laun í fjármálageiranum hækkað um 12,9% frá upphafi samningstímans. Þá hafði launavísitalan hækkað um 19% og í júní 2021 höfðu laun félagsmanna BHM hjá ríkinu hækkað um 16,5%. Það er því ljóst að það hefur hallað töluvert á félagsmenn SSF á síðasta samningstímabili, enda var stefnt að því að lægri laun hækkuðu meira en þau hærri í þessari lotu.

Að undanfögnu hafa komið fram upplýsingar um hækkun launa stjórnenda stórra fyrirtækja sem hafa birt ársreikninga. Að vanda eru okkar stjórnar í þeim hóp og þar er sama myndin uppi. Það er himinn og haf á milli launahækkana stjórnanna og almenns starfsfólks. Þessar fréttir sem hafa verið birtar eru ekki beinlínis að hjálpa við að ná árangri í kjarasamningsgerð á þessu ári. Hvað okkur varðar er stór ástæða góðrar rekstrarniðurstöðu bankanna sú hvað þeir hafa sloppið vel frá hækkun launakostnaðar á síðustu árum. Eins og staðan er núna fer allur þessi ávinningur til eigenda bankanna og samkvæmt síðustu fréttum eru æðstu stjórnendur að taka til sín hluta af þessu margnefnda svigrúmi.


Að mínu mati þurfum við því að bæta upp ýmislegt sem við höfum misst af á kjarasviðinu á þessu samningstímabili. Um þetta er fjallað ítarlega í gögnum fyrir kjaranefndina, en hér má nefna bæði hækkun launa og styttingu vinnutíma. Eigi okkur að takast að bæta þetta upp í næst lotu er nauðsynlegt að ná upp markvissara samtali beint við fjármálafyrirtækin í stað þess að standa í viðræðum við sérfræðinga frá SA. Það er því mikilvægt að stjórn og samninganefnd SSF nái eyrum stjórnenda fjármálafyrirtækjanna um beina aðkomu fyrirtækjanna að kjarasamningum SSF, en ekki samningar í gegnum SA.

Kjarasamningar eru lausir 1. nóvember 2022. Það er strax ljóst að kjarasamningsveturinn verður erfiður. Væntingar launamanna eru þær að kjarasamningar nái að brúa það bil sem hefur verið að myndast á milli launa og hækkana verðlags. Þetta á sérstaklega við um hópa eins og okkur sem fórum illa út úr kjarasamningunum 2019-2022. t.d. hóp sérfræðinga innan raða SSF, en sá hópur er lang fjölmennastur innan raða SSF. Kjarasamningurinn 2015-2018 var þessum hópi hagstæður en það dugar illa til að vega upp kaupmáttarrýrnun árána 2019-2022. Auðvitað verður það svo þannig þegar líður á haustið að nær allir hópar telja á sig hallað.

Starfsmenn á lægri launum á almennum og opinberum vinnumarkaði fengu verulegar launahækkunir í síðustu samningum, en enn eru þessir hópar á allt of lágu launum, hreinlega til að geta brauðfætt sig og sína.

Það er því ærið verkefni sem bíður nýrrar stjórnar SSF og mikilvægt að þingið leggi þeim til vel ígrundaðar ályktanir um kjarakröfur. Einnig er ljóst að miklar líkur séu til þess að stéttarfélög láti reyna á verkfallsréttinn næsta vetur, en til að boða verkfall þarf stéttarfélag alltaf að leita samþykkis félagsmanna í allsherjar atkvæðagreiðslu.





Á þingi SSF 2019 voru félagsmenn 3800, en þeim fækkar enn og núna í byrjun árs 2022 eru félagsmenn tæplega 3600. Mesta fækkunin er hjá stóru bönkunum þremur, en þar er enn verið að loka útibúum og skerða afgreiðslutíma þeirra útibúa sem enn eru opin. Þegar flest var voru útibú og afgreiðslur bankanna um 170 talsins, en eru núna tæplega 65. Fækkun félagsmanna væri enn meiri ef ekki hefðu í okkar hóp bæst starfsmenn Fjármálaeftirlitsins og fjölgun félagsmanna með einstaklingsaðild, m.a. frá fjártækniyrirtækjum. Sem dæmi get ég nefnt að fækkun stöðugilda í Landsbankanum frá árslokum 2018 til ársloka 2021 var 103, úr 919 niður í 813 sem er rúmlega 11% fækkun frá upphafsstöðu.

Enginn veit hver þróunin verður á næstu árum, en viðbúið að enn fækki eitthvað þó flestir félagsmenn viti að ekki gengur lengur að leggja meira og meira álag á núverandi starfsmenn og krefjast þess að allir hlaupi hraðar. Miklar áhyggjur af starfsöryggi plaga mörg okkar og það er staða sem við þyrftum að komast út úr sem allra fyrst.

Í byrjun árs 2020 brast á með veiru sem í upphafi virtist saklaus, líkari slæmri flensu, en reið síðan yfir heiminn af fullum þunga og er enn að gera okkur lífið leitt. Gripið var til alls konar varúðarráðstafana vegna veirunnar. Starfsmenn voru svo til allir sendir heim og ætlast til að þeir stunduðu sitt starf frá heimili sínu. Fyrirtækin kröfðust þess að starfsmenn legðu heimili sitt undir sem vinnustað, en aðstaðan heima fyrir var afar misjöfn og miserfitt fyrir félagsmenn SSF að uppfylla þessar kröfur. En einhvern veginn gekk þetta allt upp sem betur fer. Í upphafi var áætlað að þessi staða væri tímabundin í 1-2 mánuði, en niðurstaðan var um tvö ár.

Í gegnum þetta ferli allt er ljóst að reynslan sýnir að hluta af starfi félagsmanna SSF er unnt að vinna heiman frá, kannski verulegan hluta. Fyrirtækin eru því um þessar mundir að setja upp einhvers konar reglur um skiptingu á milli heimavinnu og staðvinnu. Þær reglur verða hins vegar aldrei settar nema félagsmenn SSF komi sjálfir að þeirri vinnu. Það er ekki hægt að þvinga starfsmenn til að leggja heimili sitt undir vinnustaðinn, en það er hægt að semja um það að sjálf-sögðu.

Á þinginu núna vinnur sérstök nefnd sem eingöngu fjallar um heimavinnu og alla þá þætti sem semja verður um áður en reglur um heimavinnu verða samþykktar. SSF og starfsmannafélögin verða að taka forystu í þessum málum til að verja og vernda vinnuumhverfi félagsmanna, og kaup og kjör sem tengjast heimavinnu.

Árið 2020 voru rúmlega 55 þúsund einstaklingar á Íslandi í störfum sem teljast mjög líkleg til að verða sjálfvirknivædd á næstu tíu til fimmtán árum samkvæmt aðferðafræði OECD. Það eru um 28% íslensks vinnumarkaðar. Þetta eru þau störf sem geta horfið með öllu eða breyst svo mikið að þau teljist ekki lengur sambærileg við það sem áður var.

Talsverð umræða hefur verið í samfélaginu um kulnun í starfi og er þá vísað til ástands þar sem viðvarandi álag hefur veruleg neikvæð áhrif á andlega heilsu fólks. Krafa er uppi um meiri sveigjanleika þegar kemur að vinnu. Því má velta fyrir sér hvort hægt sé að auka lífsgæði fólks með því að fækka vinnustundum enn frekar til að auka möguleika á samveru með vinum og fjölskyldu eða til að sinna áhugamálum.

Tæknin getur líka bætt starfsaðstöðu fólks og aukið velferð á vinnustað. Slík markmið er nauðsynlegt að ræða þegar fjallað er um uppbrot á vinnumarkaði vegna tæknibreytinga.

Starf félagsmanna SSF í íslenskum fjármálafyrirtækjum er skemmtilegt, fjölbreytt og gefandi en um leið erfitt, krefjandi og stundum vanþakklátt. Starfsmennirnir,

félagsmenn SSF, sem eru andlit fyrirtækjanna þurfa hins vegar oft að ósekju að sitja undir skömmum og rangfærslum viðskiptavina. Auðvitað verða fjármálafyrirtækin að skoða alla þætti í rekstrinum vel og gæta þess að hagnast ekki á óeðlilegan hátt á gjöldum og vaxtamun. En skammirnir um mikla og óeðlilega gjalddöku fjármálafyrirtækjanna, sem tröllriðið hefur umræðunni undanfarin misseri, eru flestar byggðar á rangfærslum, mis-skilningi eða vísvitandi blekkingum.

Eins og ég sagði í upphafi er það þingsins að móta tillögur fyrir framtíðina. Á undanförunum mánuðum, næstum því ári, höfum við í stjórn SSF farið í allsherjar skoðun á því sem betur mætti fara hjá okkur og hvað okkur langar að gera á næstu árum. Fyrir þinginu liggja þannig frammi tillögur um allsherjar stefnumótun fyrir samtökin. Margir félagar okkar hafa einnig komið mikið að þessu máli, bæði trúnaðarmenn og stjórnarfolk. Báru mun kynna þetta allt betur fyrir okkur hérna á eftir og svo mun verða fjallað ítarlega um þennan pakka í annarri allsherjarnefndinni. Það helsta sem okkur langar að leggja áherslu á næstu árum er:

- Greina launauppyggingu – til að skilja betur um hvað við erum að semja
- Vinna að og gefa út stefnu um fjarvinnu – rætt ítarlega í allsherjarnefnd 2
- Uppfæra tækniþróunarákvæði kjarasamnings – mikilvægt – hefur mikil áhrif á mörg okkar
- Koma á virkum samskiptavettvangi við/fyrir trúnaðarmenn
- Endurskilgreind ritnefnd setji fram og fylgi eftir skýrri útgáfuáætlun
- Skilgreina umbótaverkefni og fá aðkeypta aðstoð til að vinna verkefnið með skrifstofu
- Efla skrifstofu og tæknivæða

Allt þetta eru mikilvæg atriði sem við leitum eftir stuðningi við á þinginu. Markmiðið er meira og öflugra starf innan samtakanna – skýrari boðleiðir – meiri virkni trúnaðarmanna – sterkari hópur.


Í lokin vil ég vitna í orð fráfarandi formanns Friðbert Traustasonar frá þeim tíma sem hann las yfir okkur.

Hann sagði: „Öll réttindamál íslensks launafólks eru tilkomin fyrir sameinaða baráttu félagsmanna verkalýðsfélaganna. Ekkert þeirra þótti sjálf-sagt eða var sett í lög fyrr en eftir áralanga baráttu stéttarfélaganna. Þetta á við sumarleyfi, tryggingar, fæðingarorlof, lífeyrisgreiðslur, veikindarétt, styrktarsjóði, menntunarsjóði, mótuneyti, sumarhús og margt margt fleira. Þessi réttindi þarf stöðugt að verja því öll eru þau hluti af heildarkjörum okkar og metin sem slík þegar kjaraviðræður eru í gangi. Það er ástæða til að sporna fast gegn tilhneigingu í þá veru að menn semji af sér umsamin kjör í svokölluðum einstaklingssamningum, því kjarasamningurinn er, og verður alltaf, lágmarkskjör og niður fyrir þau kjör má ekki fara“. Svo mörg voru orð Friðberts.

Núna í lok kjörtímabilsins vill stjórn SSF þakka öllum félagsmönnum, aðildarfélögum samtakanna, stjórnnum þeirra, trúnaðarmönnum, starfsnefndum, svo og starfsmönnum aðildarfélaganna og SSF ánægjulegt og gefandi samstarf á síðustu árum.

Stjórn SSF óskar þingfulltrúum til hamingju að vera kosnir sem fulltrúar starfsmanna til að móta stefnu SSF til næstu þriggja ára. Við vonum að þingið verði bæði viðburðaríkt og árangursríkt og að niðurstöður þess verði öllum félagsmönnum til heilla í nánustu framtíð.

Takk fyrir.



Helga Jónsdóttir þingforseti óskaði eftir athugasemdum og/eða umræðum við skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir bárust.

Dagskrárliðnum skýrsla stjórnar lauk með lófataki þingsins.

Auglýst eftir tillögum til nefnda

Sigurjón Gunnarsson, varapringforseti, auglýsti eftir tillögum til nefnda en engar tillögur bárust frá þingfulltrúum. Í kjölfarið voru kynnt tvö erindi sem tekin yrðu fyrir í Allsherjarnefnd 1 og 2.

STEFNUMÓTUN

Bára Björk Ingibergsdóttir (Sf. Seðlabankans), stjórnarmaður SSF, kynnti afrakstur vinnu starfshóps um stefnumótun SSF, í þeim starfshópi áttu sæti Bára Björk Ingibergsdóttir (Sf. Seðlabankans), Ari Skúlason (FSLÍ), fyrsti varaformaður SSF og Jóhann Arnarson (TMR Arion banka) úr stjórn SSF ásamt Rósu Jennadóttur starfsmanni SSF og Friðriki G. Gunnarssyni starfsmanni Landsbankans sem sérlegur ráðgjafi og höfðu þau ásamt fjölda félagsmanna sem komu að verkefninu, m.a. í gegnum formanna- og trúnaðarmannafund SSF í janúar sl., unnið drög að tillögum um starf og áherslur SSF til næstu ára. Undanfari þess að lagt var í allsherjar vinnu við stefnumótun félagsins var margþættur en helst ber að nefna að nú styttest í starfslok fráfarandi formanns stjórnar SSF til 27 ára, Friðberts Traustasonar, breytt heimsmynd vegna heimsfaraldurs, tilkoma aukinnar heimavinnu, tækniþróun og fækkun félagsmanna SSF. Allt framangreint felur í sér áskoranir fyrir samtökin og skýra sýn þarf til að mæta þeim áskorunum af festu. Við stefnumótunarferlið var horft til þess að fá sem breiðastan hóp að gerð stefnunnar og til að ræða og útfæra þær áherslur sem að er stefnt hjá samtökunum og stjórn þeirra. Aðkoma þingsins er nauðsynleg til að ljá stefnunni það vægi sem henni er ætlað og mun stjórn SSF koma að því að samþykkja og skera úr um álitamál, manna vinnuhópa og sjá til þess að koma fullmótaðri stefnu félagsins í framkvæmd.

Farið var yfir tímalínu og framþróun stefnumótunarvinnunnar og upplýst að tímalína verkefnisins hefði staðist vel. Ávöxtur allrar þessarar vinnu var stefnumótunarskjal og innleiðingaráætlun og að öllu óbreyttu er áformað að hægt sé að hefja formlega innleiðingu í apríl nk. Stefnan var alfarið unnin með rafrænum hætti og ríkti mikil sátt um stefnumótunarvinnuna á formanna- og trúnaðarmannafundi SSF og var starfshópnum hrósað af félagsmönnum fyrir faglega umfjöllun og vinnu við gerð stefnunnar. Var það m.a. niðurstaða framangreinds fundar að auka rafræna vegferð í starfi félagsins. Nefnd var sú tillaga að fjölga um eitt stöðugildi á skrifstofu SSF ásamt því að fá fjárheimild fyrir um 20 m.kr. útgjöldum til að innleiða og fylgja eftir framangreindri stefnu. Að lokum er vísað til þess að frekari umræða um stefnu félagsins muni fara fram í Allsherjarnefnd 1.

Vinna að heiman

Næst í pontu kom Guðný S. Magnúsdóttir (FSLÍ), Ritari SSF og hópstjóri Allsherjarnefndar 2, og kynnti erindi um vinnu að heiman. Hún byrjaði á að segja frá því að árið 2006 gerðu SA og ASÍ samkomulag um fjarvinnu þar sem kom m.a. fram að fjarvinna byggji á frjálsu vali viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda. Að fjarvinna geti verið hluti af starfslýsingum. Að vinnuveitandi beri ábyrgð á því að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að tryggja vernd gagna sem starfsmaður vinnur með. Að vinnuveitanda



beri að útvega, tengja og viðhalda búnaði sem nauðsynlegur sé til fjarvinnu og að vinnuveitandi beri ábyrgð á heilbrigði og öryggi starfsmanns í samræmi við löggjöf og kjarasamninga. Í kjarasamningum SSF er lítið sem ekkert minnst á fjarvinnu. Guðný áréttaði mikilvægi þess að matartími félagsmanna sé virtur í heimavinnu og benti á misbresti í öryggismálum þegar kemur að heimavinnu og nefndi hún sem dæmi innbrot og óásættanlega vinnuaðstöðu og þá meinbugi og óvissu er varða öryggi starfsmanna sem geta komið upp við slíkar aðstæður. Farið var yfir hvernig hægt væri að tryggja betri vinnuaðstöðu heima fyrir og nauðsyn þess að vinnuveitendur hlíti reglum um aðbúnað og hollustuhætti og gæti að ákvæðum í kjarasamningi um samvinnu um skipulags- og tæknimál. Einnig benti hún á gildi þess að samvinna ríki milli stjórnenda og starfsmanna sem miði að góðri starfsaðstöðu og starfsöryggi sem tryggt geti árangursríkt starf og um leið eflt rekstur viðkomandi fjármálafyrirtækis. Í kjarasamningum er áréttað að tryggt sé að sjónarmið starfsmannsins komi fram í þeim efnum og því nauðsynlegt að félagsmenn fái rödd þegar verið er að ræða heimavinnufyrirkomulag og allt sem því fylgir. Samkvæmt núgildandi kjarasamningum er vinnuveitanda skylt að váttryggja starfsfólk og hvílir því skylda á vinnuveitendum að kaupa slysa- og líftryggingu sem gildir allan sólarhringinn og er heimavinna engin undantekning þar á, því þarf að gæta að því að slíkar tryggingar nái yfir heimavinnu í víðri merkingu. Guðný fjallaði um niðurstöðu könnunar um heimavinnu sem sýnir að starfsaðstæður eru ófullnægjandi hjá stórum hluta félagsmanna eða hjá um 25% svarenda könnunarinnar, það sé óásættanlegt hlutfall og ljóst að þörf sé á umbótum í málaflokknum. Að ræðu lokinni var spilað fyrir þingið myndskíð SA sem fjallar um fjarvinnu þar sem Guðmundur Heiðar Guðmundsson, lögmaður SA, fer yfir regluverk í tengslum við fjarvinnu. Að lokum var farið yfir fjarvinnusniðmát SA.

Helga Jónsdóttir, þingforseti tilkynnti þinginu ákvörðun um frestun á erindi Christina J. Colclough til morguns vegna tafa á dagskrá sem varð vegna ófærðar á Hellsisheiði.

Nefndarstörf hefjast

Helga Jónsdóttir þingforseti fór yfir staðsetningu nefnda, fyrirkomulag við rafræn nefndarstörf og tilgreindi að áformað væri að nefndir skili inn að hámarki fimm ályktunum sem væru kjarnyrta. Þingfulltrúar hófu því næst nefndarstörf á starfstöð viðkomandi nefndar.

Kynning frambjóðenda

Stjórn SSF skipa níu félagsmenn og skal kjósa formann, fyrsta og annan varaformann hvern fyrir sig en síðan 6 meðstjórnendur. Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga og skal kjósa í bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Einnig skal tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40% og að formenn séu ekki allir af sama kyni. Til stjórnarsetu í SSF fyrir árin 2022 til 2025 gáfu 12 félagsmenn kost á sér. Varapringforseti tilkynnti að hver frambjóðandi til stjórnar SSF fengi að hámarki þrjár mínútur til að kynna framboð sitt. Eftirfarandi félagsmenn gáfu kost á sér í embætti formanns, fyrsta- og annars varaformanns:

Ari Skúlason (FSLÍ), varaformaður SSF, gaf kost á sér til formanns SSF og var einn í framboði og því sjálfkjörinn.

Oddur Sigurðsson (SÍ), gjaldkeri SSF, gaf kost á sér til fyrsta varaformanns SSF og var einn í framboði og því sjálfkjörinn.



Guðný S. Magnúsdóttir (FSLÍ), ritari SSF, gaf kost á sér til annars varaformanns SSF og var ein í framboði og því sjálfkjörin.

Í framboði til meðstjórnenda voru eftirfarandi félagsmenn í stafrófsröð:

Bára Björk Ingibergsdóttir (Sf. Seðlabankans).

Hörður Jens Guðmundsson (VÍST) var sjálfkjörinn á grundvelli kynjakvóta í stjórn.

Jóhann Arnarson (TRM Arion banka) var sjálfkjörinn á grundvelli kynjakvóta í stjórn.

Jóhanna María Jónsdóttir (FSLÍ).

Karlotta Ósk Óskarsdóttir (TRM Arion banka).

Kristín Ósk Sigurjónsdóttir (SÍ).

Svandís Edda Hólm Jónudóttir (TRM Arion Banka).

Unnur Helgadóttir (Sf. Seðlabankans).

Þórey Harpa Þorbergsdóttir (FSLÍ).

Þeir frambjóðendur sem voru á staðnum fóru í pontu og kynntu sig og sínar áherslur. Fjórum frambjóðendum sem ekki voru á þingi var gefinn kostur á að senda inn frambjóðskynningu sína á rafrænu formi, einn frambjóðandi gerði það en kynningar á hinum frambjóðendum sem voru fjarverandi voru lesnar upp af varaþingforseta.

Eftir frambjóðsræður bauð þingforseti Ara Skúlasyni orðið.

Alþjóðarsamstarf

Ari Skúlason (FSLÍ), varaformaður SSF, fór stuttlega yfir þátttöku SSF í norrænum samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (NFU) og þátttöku SSF í alheimssamtökunum Uni Global Union (UNI). Farið var yfir áherslur og sérstöðu NFU og þá vegsemd og virðingu sem starfið hefur markað sér á alþjóðavettvangi. Um er að ræða góða tengingu milli aðildarfélaga og er ávinningur af því samstarfi ótvíræður, sérstaklega þar sem SSF er ekki aðili að stórum fjöldahreyfingum launafólks hér á Íslandi. Reynsla og þekking sem af starfinu hlýst er gríðarlega verðmæt fyrir SSF og önnur aðildarfélög og nýtist á margvíslegan hátt í störfum félagsins sem svo skilar sér þannig til félagsmanna SSF. Því næst kynnti Ari Carin Hallerström framkvæmdastjóra NFU í pontu.

Carin Hallerström fór yfir kynni sín af Íslandi í gegnum árin og þakkaði fyrir boðið á 48. þing SSF. Hún fór yfir áherslur í starfi NFU og sagði að samlegðaráhrif samtakanna gerði þeim kleift að koma málefnum sínum á framfæri enda tilheyra samtökunum yfir 115.000 félagsmenn. Carin minnti á það að samtökin munu fagna 100 ára afmæli fyrirrennara síns (NBU) á næsta ári. Christina J. Colclough fyrrum framkvæmdastjóri NFU stofnandi „The Why Not Lab“, var einnig á þinginu og hrósaði Carina henni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og þakkaði jafnframt SSF fyrir þátttöku í starfinu og fór yfir tengsl félagsins og hag starfsmanna í fjármálageiranum á Evrópuvettvangi. Carin fór í umfjöllun sinni yfir loftlagsmál og hlutverk fjármálakerfisins í að hafa áhrif þar á, og reglusetningu í málaflokknum. Ræddi hún um starfsmannamál samhliða aukinni áherslu á samfélagslega ábyrgð í fjármálageiranum. Hún fór yfir samanburð á reglusetningu í loftlagsmálum og þeirri reglusetningu sem átti sér stað eftir efnahagshrunið og líkindi í þeim efnunum. Þær breytingar á innviðum frá því á tíma efnahagshrunsins geta verið nýttar til góðra verka og mikið hefur áunnist frá þeim tíma. Við sjáum að fjártækniyrirtæki eru að verða til í auknum mæli og viss þróun að eiga sér stað þegar kemur að tækninýjungum í fjármálageiranum en mikilvægt er að skoða möguleika á samstarfi aðildarfélaga SSF við fjártækniyrirtæki en ekki líta á fjártækniyrirtæki sem samkeppni, heldur frekar



sem mögulega samstarfsaðila. Farið yfir snjallvæðingu í fjármálageiranum og breytingar sem hafa m.a. komið í kjölfar heimsfaraldurs en Carin ítrekaði mikilvægi þess að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun til að geta verið þátttakendur í þeirri breytingu sem er að eiga sér stað í fjármálageiranum. Heimavinna hafði félagsleg áhrif á marga og breytti hugmyndum okkar um vinnu og vinnustaði. Áréttaði Carin mikilvægi þess að skilja að vinnu og einkalíf.

Það verður ekki hjá því komist að fjalla um stríðið í Úkraínu og þau áhrif sem það hefur og getur haft á heimsmyndina eins og við þekkjum hana, stjórnarfar o.fl. Hún fór yfir áhrifamátt fjármálakerfisins til þvingunaraðgerða sem lið í því að koma í veg fyrir frekari átök og þá breytingu að þeir hlutir sem við áður töldum sjálfsagða gætu nú talist vera í hættu. Carin þakkaði fyrir sig og óskaði þingfulltrúum góðs gengis.

Eftir ræðu Carin stigu þingforsetar í pontu og drógu úr réttum svörum í gátu sem var dreift fyrr um daginn. Í kjölfarið var tekin hópmynd og að henni lokinni var frjáls tími fundarmanna. Samvera og hátíðarkvöldverður um kvöldið var vel heppnað og mikilvægur þáttur þingsins.

Dagur 2

Dagurinn byrjaði kl. 9 og var fyrirlesarinn kynntur; Dr. Christina Colclough stofnandi The Why Not Lab.

Christina, byrjaði á að kynna sig og í framhaldinu að kanna hversu margir í salnum væru með snjallsíma og hversu margir væru á hinum ýmsu samfélagsmiðlum og velti upp þeirri spurningu hvers vegna þetta væri allt án endurgjalds. Christina benti svo á að gjaldið væri í raun gögnin sem samfélagsmiðlar ná í frá okkur með notkuninni og fjallaði svo um að þessi gögn gangi svo kaupum og sölu. Hún fjallaði um það hvernig samfélagmiðlar geta stjórnað skoðunum okkar og orðræðu og þannig haft mikilvæg áhrif á daglegt líf notenda. Hún ræddi þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir sem samfélag þar sem tæknin hefur í raun tekið svo margt yfir. Mörg störf í fjármálageiranum hafa glatast á undanförunum árum og er sú þróun enn í gangi. Okkur er sagt að mörg önnur störf komi í staðinn en þau störf eru mjög einhæf og tæknileg og hefur mikið hallað á miðaldra fólk og þá sérstaklega konur.

Christinu varð tíðrætt um hversu mikilla gagna vinnuveitandi gæti í reynd aflað og séð mikið af okkar gögnum og hversu mikilvægt væri fyrir verkalyðshreyfinguna að standa vörð um réttindi stafsmanna hvað þetta allt varðar. Hún fjallaði um breyttan vinnumarkað eftir Covid-19. Margir starfsmenn hefðu séð að lífið gekk út á meira en vinnu og hefðu jafnvel ekki skilað sér aftur til vinnu eftir „lockdown“. Að lokum fjallaði Christina um það hvernig vinnumarkaðurinn er að breytast, þannig að hlutverkin virðast vera snúast við, nú sé meira um að starfsmaðurinn velji sér sinn vinnustað en ekki öfugt.

Áhugavert og skemmtilegt erindi sem uppskar lófatak þingsins að því loknu.

Eftir erindi Christinu kynnti kjörnefnd fyrirkomulag kosninga sem áformaðar voru í hádeginu. Fram að hádegisfórn fór fram lokavinna nefnda.

Hádegisverður að hætti SSF frá 12:00 - 13:00 og kosið var til stjórnar frá 12.50-13.10.



Kynning nefnda á niðurstöðum, umræður og kosning

Afgreiðsla nefndarálita

Eftir mikla vinnu í nefndum við að móta þingsályktunartillögur, sem var að þessu sinni unnin með rafrænum hætti, voru tillögur nefnda bornar undir þingið til samþykktar. Eftirfarandi eru þær tillögur og ályktanir sem samþykktar voru á 48. þingi SSF:

Laganefnd

Eins og áður kom fram var ekki þörf á skipun í laganefnd á 48. þingi SSF þar sem engar breytingartillögur á samþykktum félagsins lágu fyrir.

Allsherjarnefnd 1 – Stefnumótun SSF

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til stjórnar að halda rafrænan fund áður en gengið er til kosninga á kjarasamningum þar sem innihald þeirra er kynnt félagsmönnum og þeim gefið tækifæri til að spyrja út í einstök atriði. Að auki skuli haldinn annar fundur að lokinni undirritun kjarasamnings þar sem niðurstöður eru kynntar félagsmönnum.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17-18 mars 2022 samþykkir að beina því til þingfulltrúa að samþykkja stefnuskjal SSF til næstu þriggja ára.

Umræður um tillögur Allsherjarnefndar 1:

Helga Jónsdóttir (FSLÍ), þingforseti, spurði hvort um væri að ræða eitt skjal eða fleiri og svaraði Bára Björk Ingibergsdóttir (Sf. Seðlabankans), hópstjóri Allsherjarnefndar 1 og stjórnarmaður SSF, því til að um væri að ræða stefnuskjal sem sé samandregin niðurstaða úr kynningu á stefnu SSF sem síðan var varpað upp á skjá í þingsal og farið yfir helstu atriði. Ari Skúlason (FSLÍ), varaformaður SSF, fór yfir umrætt stefnuskjal, aðdraganda þess og þá vinnu sem lagt var í við að útbúa stefnuskjalið.

Allsherjarnefnd 2 – Vinna að heiman

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til fjármálafyrirtækja að þau setji sér fjarvinnustefnu í samráði við SSF, sem sett verði inn sem liður í kjarasamning. SSF útbúi umgjörðina um fjarvinnustefnu.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til samninganefndar að fjármálafyrirtæki geri samning við starfsmenn og hafi til hliðsjónar sniðmát SA um fjarvinnu og gátlista Vinnueftirlitsins um fjarvinnu.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til samninganefndar að sett verði í kjarasamning sérstök ákvæði um að gerður sé fjarvinnusamningur milli vinnuveitanda og starfsmanns.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til samninganefndar að fjármálafyrirtæki tryggi að starfsfólk sé jafnsett í fjarvinnu og á starfsstöð hvað varðar kjör, aðstöðu, búnað o.s.f.v.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til fjármálafyrirtækja að öryggi starfsmanna verði tryggt í samræmi við öryggisstefnu fyrirtækis, hver eiga t.d. viðbrögð starfsmanns að vera við öryggisbrest í fjarvinnu.





Starfsmenn SSF,
Rósa Jennadóttir,
Ragnar Sigurðsson og
Margrét Bragadóttir.

Kjaranefnd

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til samninganefndar að lögð verði áhersla á prósentu hækkun launa í næstu kjarasamningum SSF.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til samninganefndar að ljúka vinnu við að útbúa ramma í kringum fastlauna-samninga með tilliti til vinnuframlags og fjölda vinnustunda.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til samninganefndar að auka vinnutímastyttingu.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til samninganefndar að hækka iðgjald fyrirtækja í samtryggingasjóði um 2%.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til samninganefndar að semja beint við fjármálafyrirtækin án aðkomu þriðja aðila.

Ábending frá Sigurbirni Elíassyni (SÍ) um hvort ekki mætti setja í kjara-samninga umönnunarleyfi í stað veikindaréttar. Ari Skúlason, (FSLÍ), fyrsti varaformaður SSF, upplýsti þingheim um að samskonar ábending hafi komið fram á þingi áður og ekki hafi tekist að koma þessu áleiðis en því verði haldið áfram.

Fræðslunefnd

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til stjórnar að blaðaútgáfa verði hér eftir eingöngu á rafrænu formi.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til stjórnar að gerð verði útgáfuáætlun fyrir hvert ár í senn og að stjórn SSF leitist við að nýta fjölbreyttar leiðir innri og ytri samskipta til þess að auka sýnileika SSF og bæta miðlun upplýsinga.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að trúnaðarmenn fái fróðleiksmola mánaðarlega um t.d. kjör, réttindi og annað áhuga-vert efni. Með því viljum við virkja trúnaðarmenn í starfi félagsins sem og að gera þá og SSF sýnilegri.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til stjórnar að trúnaðarmannanámskeið á vegum SSF verði haldin 1-2 á ári fyrir alla trúnaðarmenn óháð reynslu. Einnig verði styttri námskeið og fræðsla haldin rafrænt.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að beina því til stjórnar að námsstyrkur á hverju misseri verði áfram 80% af námskeiðsgjöldum, þó aldrei hærri en 175.000 kr.



Fjárhagsnefnd

Oddur Sigurðsson (SÍ), gjaldkeri SSF, fór yfir fjárhagsáætlun og tók fram að fjárhagsáætlunin væri lögð fram til kynningar en félagsgjald, sem verði óbreytt frá fyrra ári, og stjórnarlaun sem hækka í samræmi við hækkun á kjarasamningum, væru til samþykktar.

Fjárhagsáætlun SSF 2022 - 2025			Allar upphæðir í þús. króna		
	Rauntölur 2021	Áætlun 2022	2023	2024	2025
Árgjöld	145.180	171.786	171.786	171.786	171.786
Grunnsjóður	40.435	13.214	13.214	13.214	13.214
Tekjur	185.615	185.000	185.000	185.000	185.000
Laun og tengd gjöld	64.600	70.000	70.000	70.000	70.000
Fræðslu og útgáfustarfsemi	15.319	20.000	20.000	20.000	20.000
Kannanir	6.691	0	0	7.000	0
Erlent samstarf	6.245	15.000	15.000	15.000	15.000
Þing	0	23.000			20.000
Rekstur fasteigna	6.098	8.000	8.000	8.000	8.000
Rekstur skrifstofu	13.148	15.000	15.000	15.000	15.000
Annar kostnaður	30.276	35.000	35.000	35.000	35.000
Grunnsjóður	40.435	13.214	13.214	13.214	13.214
Afskriftir	6.435	6.500	6.500	6.500	6.500
Gjöld	189.247	205.714	182.714	189.714	202.714
Hagnaður/tap	-3.632	-20.714	2.286	-4.714	-17.714
Fjármagnstekjur	12.513	13.000	13.500	14.000	12.000
H/T með fjármunatekjum	8.881	-7.714	15.786	9.286	-5.714
Fjárhagsáætlun Styrktarsjóðs SSF 2022 - 2025			Allar upphæðir í þús. króna		
	Rauntölur 2021	Áætlun 2022	2023	2024	2025
Árgjöld	276.618	270.000	270.000	270.000	270.000
Tekjur	276.618	270.000	270.000	270.000	270.000
Styrkir	120.923	150.000	150.000	150.000	150.000
Sjúkradagpeningar	100.367	110.000	110.000	110.000	110.000
Annar rekstrarkostnaður	150	150	150	150	150
Gjöld	221.440	260.150	260.150	260.150	260.150
Hagnaður/tap	55.178	9.850	9.850	9.850	9.850
Fjármagnstekjur					
H/T með fjármunatekjum	55.178	9.850	9.850	9.850	9.850

Fjárhagsáætlun Menntunarsjóðs SSF 2022 - 2025

Allar upphæðir í þús. króna

	Rauntölur 2021	Áætlun			
		2022	2023	2024	2025
Árgjöld	83.153	83.000	83.000	83.000	83.000
Styrkur frá Grunnsjóði		27.000	27.000	27.000	27.000
Tekjur	83.153	110.000	110.000	110.000	110.000
Menntunarstyrkir	110.641	110.000	110.000	110.000	110.000
Annar rekstrarkostnaður	143	143	143	143	143
Gjöld	110.784	110.143	110.143	110.143	110.143
Hagnaður/tap	-27.631	-143	-143	-143	-143
Fjármagnstekjur					
H/T með fjármunatekjum	-27.631	-143	-143	-143	-143

48. þing SSF haldið á Selfossi 17.-18. mars 2022 samþykkir að félagsgjald til SSF verði óbreytt eða 0,7% af heildarlaunum og þar af rennur 0,05% til Grunnsjóðs sem var áður 0,15%. Áfram verður gert hlé á greiðslum til Vinnudeilusjóðs.

48. þing SSF haldið á Selfossi 17. - 18. mars 2022, samþykkir að stjórnarlaun verði óbreytt, miðist við kr. 745.568 og fylgir áfram launahækkun í kjarasamningi SSF.

	Hlutfall%	Laun
Formaður	50%	372.784
1. varaformaður	25%	186.392
2. varaformaður	25%	186.392
Gjaldkeri	25%	186.392
Ritari	25%	186.392
Meðstjórnandi 1-4	15%	111.835
Meðstjórnandi 1-4	15%	111.835
Meðstjórnandi 1-4	15%	111.835
Meðstjórnandi 1-4	15%	111.835
	200%	1.565.693
12 mánuðir		18.788.314
Launat. Gjöld 23%	23%	4.321.312
	Alls:	23.109.626

Umræður um tillögur Fjárhagsnefndar:

Inga Guðný Hauksdóttir (SÍ) beindi þeirri fyrirspurn til stjórnar hvort komið hafi til álita að greiða trúnaðarmönnum fyrir sitt starf. Oddur Sigurðsson (SÍ), gjaldkeri SSF, sagði að það hefði ekki komið til umræðu sérstaklega. Sigurjón Gunnarsson, varaþingforseti, nefndi að svo langt sem hann myndi hafi ekki verið greitt sérstaklega fyrir trúnaðarmannastarf. Anna Berglind Þrastardóttir (SÍ) nefndi aukið vægi trúnaðarmanna og beindi því til stjórnar að skoðað yrði hvort ástæða sé til að greiða þóknun fyrir þau störf. Sigurjón Gunnarsson, varaþingforseti, nefnir dæmi um umbun hjá öðrum félögum í formi gjafa eða punkta. Ari Skúlason (FSLÍ), varaformaður stjórnar SSF, telur álitlegt að skoða málið frekar en benti á að skv. kjarasamningi eigi að vera svigrúm innan vinnutíma trúnaðarmanna til að sinna trúnaðarmannastarfi og því sé viss þóknun fólgin í því.





Ný stjórn SSF til næstu þriggja ára. Aftari röð frá vinstri: Kristín Ósk Sigurjónsdóttir, Hörður Jens Guðmundsson, Jóhann Arnarson, Karlotta Ósk Óskarsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Bára Björk Ingibergsdóttir, Oddur Sigurðsson, 1sti varaformaður, Ari Skúlason, formaður, Guðný S. Magnúsdóttir, annar varaformaður. Á myndina vantar Jóhönnu M. Jónsdóttur.

Niðurstöður kosninga til stjórnar SSF

Guðlaugur Gunnarsson (FSLÍ), formaður Kjörnefndar, kynnti niðurstöðu kosninga. Alls voru 61 á kjörskrá og greiddu 60 atkvæði og var einn kjörseðill ógildur. Nýkjörin stjórn SSF fyrir starfsárin 2022-2025 er eftirfarandi:

Ari Skúlason (FSLÍ) formaður SSF

Oddur Sigurðsson (SÍ) fyrsti varaformaður SSF

Guðný Sigríður Magnúsdóttir (FSLÍ) annar varaformaður SSF

Meðstjórnendur

Bára Björk Ingibergsdóttir (Sf. Seðlabankans)

Hörður Jens Guðmundsson (VÍST)


Jóhann Arnarson (TRM Arion banka)

Jóhanna María Jónsdóttir (FSLÍ).

Karlotta Ósk Óskarsdóttir (TRM Arion banka)

Kristín Ósk Sigurjónsdóttir (SÍ)

Guðlaugur Gunnarsson (FSLÍ), formaður Kjörnefndar, óskaði nýrri stjórn góðs gengis í stjórnarstörfum og bað nýkjörna stjórn að koma upp á svið. Helga Jónsdóttir (FSLÍ), þingforseti, óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið og þakkaði fráfaramandi stjórn fyrir vel unnin störf.



ÖNNUR MÁL

Fyrir voru tekin önnur mál og óskað eftir erindum úr þingsal en engin önnur mál voru borin undir fundinn.

Helga Jónsdóttir (FSLÍ) fékk Ara Skúlason (FSLÍ), nýkjörinn formann SSF, til að slíta þinginu og þakkaði fyrir gott þing.

Ari Skúlason (FSLÍ) hélt tölu sem nýkjörinn formaður SSF, þakkaði fyrir vinnusamt þing og fór yfir ferðalagið til að komast á þingið. Þingið gekk vel og þakkaði Ari starfsfólki SSF vel unnin störf við skipulagningu þingsins. Það bíður nýrrar stjórnar að vinna eftir þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið á þinginu, félaginu á eftir að vegna vel á næstu árum. Ari, fyrir hönd þingsins, þakkaði þingforsetum vel unnin störf og færði þeim þakklætisvott. Fram fór myndataka. Ari þakkaði fundarriturum fyrir störf í þágu þingsins og færði þeim einnig þakklætisvott. Ari Skúlason þakkaði fráfarað formanni vel unnin störf í þágu félagsins og færði félagið fráfarað formanni ljósmynd af fjallinu Þorfinni sem rís hátt og tignarlega við suðurströnd Önundarfjarðar. Friðbert hefur verið formaður í 27 ár og leitt félagið til góðra verka og ítrekaði hann þakklæti félagsmanna fyrir störf hans. Fundarmenn stóðu upp og klöppuðu til heiðurs fráfarað formanni. Þá fengu starfsmenn sem skipulögðu þingið lófatak fyrir gott starf.

Carin Hallerström, framkvæmdastjóri NFU færði Ara Skúlasyni nýkjörnum formanni SSF gjöf fyrir þátttöku félagsins í norrænu alþjóðasamstarfi.

Fleira ekki gert og þingi slitið kl. 14:50 föstudaginn 18. mars 2022.



Nýjum formanni SSF
Ara Skúlasyni færð gjöf frá
framkvæmdastjóra NFU,
Carin Hallerström.



Friðbert Traustason, hættir sem
formaður SSF (áður fyrr SÍB)
eftir 37 ár í stjórn og þar af sem
formaður í 27 ár.




Fráfarandi formanni Friðberti
Traustasyni klappað lof í lófa
fyrir frábær störf í þágu SSF.



*Þingforsetarnir
Helga Jónsdóttir og
Sigurjón Gunnarsson*



*Þingritarnir
Margrét B Marteinsdóttir og
Gísli Logi Logason*



*Forsíðumyndin er af fjallinu
Þorfinnur sem stendur við
Önundarfjörð*



TRAUST

ÞEKKING

METNAÐUR



48. ÞING
17.- 18. MARS
2022